

Landbúnaður og Dóha-lotan hjá WTO

Staðan í landbúnaðarviðræðunum í Dóha-lotunni á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO, var til umræðu á málþingi í utanríkisráðuneytinu hinn 30. mars sl. Frummælendur voru Guðmundur B. Helgason, ráðuneytisstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, og Erna Bjarnadóttir hagfræðingur Bændasamtakanna.

Í viðtali við Stíklur sagði Erna Bjarnadóttir að í Dóha-viðræðunum væri stefnt að róttækum breytingum er varða landbúnað sem miða að því að auka heimsviðskipti með búvörur með því að lækka tolla, auka tollkvóta og draga úr markaðstruflandi stuðningi. Þá virtist samkomulag í höfn um að leggja niður útlutningsbætur þó tímasetning þess liggi ekki enn fyrir. Þá lægi fyrir yfirlýsing um að hæstu tollar muni þurfa að lækka mest. „Það er ljóst að sú niðurstaða sem nú liggur fyrir mun hafa meiri áhrif á íslenskan landbúnað en niðurstaða síðustu samningalotu.“

Að sögn Guðmundar B. Helgasonar hefur verið góður gangur í landbúnaðarviðræðum WTO síðasta árið og er stefnt að því að ná saman um alla meginþætti samninganna á ráðherrafundinum í Hong Kong í desember á þessu ári og gætu þá samningarnir komið til framkvæmda frá og með 1. janúar 2007. „Íslensk stjórnvöld hafa tekið virkan þátt í þessum viðræðum með það að leiðarljósi að tryggja nauðsynlegan sveigjanleika í regluverki WTO svo áfram verði unnt að viðhalda blómlegum landbúnaði, framleiðendum og neytendum til hagsbóta, og tryggja jafnframt farsæla aðlögun íslensks landbúnaðar að þeim skuldbindingum sem kann að verða samið um.“

Fyrir liggur að um mun afdrifaríkari skuldbindingar verður að ræða en í Úrúgvæviðræðunum sem lauk árið 1994 og verður, að sögn Guðmundar, að gera ráð fyrir enn meiri samdrætti á tollheimildum en þá var samið um og mun meiri niðurskurðir á heimildum til að stunda framleiðslu- og markaðstruflandi stuðning. „Við munum standa frammi fyrir því verkefni á komandi árum að tryggja að nýting okkar á þessum heimildum sé innan ramma“, sagði Guðmundur og bætti við að vissulega mundi það þýða einhverjar breytingar á starfsskilyrðum í búvöruframleiðslu. „Verði lotan leidd til lykta mun íslenskur landbúnaður standa í meiri samkeppni vegna bættis markaðsaðgengis fyrir erlendar búvörur á sama tíma og möguleikar stjórnvalda til að styðja við bakið á atvinnugreininni eftir hefðbundnum framleiðslutengdum leiðum skerðast. Ég hef hins vegar fulla trú á aðlögunarhæfni íslensks landbúnaðar í þeim efnum“, sagði Guðmundur.

Erna Bjarnadóttir sagði að stuðningur við íslenskan landbúnað væri að stórum hluta tengdur framleiðslu með einum eða öðrum hætti og heimild Íslands til þess stendur í 130 millj. SDR. Þá benti Erna á að allt bendi til þess að heimildina þurfi að skera niður um 50-60% á gildistíma nýs samnings. „Þó á móti megi auka og breyta styrkjum, sem ekki tengjast framleiðslu, mun þetta óhjákvæmilega hafa áhrif á tekjur og tekjusetningu bænda og þar með á hvað þeir framleiða og í hvaða magni“, sagði Erna að lokum í viðtali við Stíklur.

Kynning á skýrslu Alþjóðabankans „Doing Business“ um viðskiptaumhverfi

Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins, VUR, og Verslunarráð Íslands bjóða til hádegisverðarfundar ásamt Alþjóðabankanum þriðjudaginn 12. apríl um skýrslu Alþjóðabankans „Doing Business.“

„Doing Business“ er skýrsla sem Alþjóðabankinn gefur út og fjallar um viðskiptaumhverfi 145 ríkja víða um heim. Í ár er í fyrsta sinn gerð úttekt á viðskiptaumhverfi á Íslandi og verður því um frumkynningu á Íslandi að ræða. Úttekt er gerð á mikilvægum þáttum í viðskiptaumhverfi ríkja og er höfð hliðsjón af lagalegu umhverfi og áhrifum þess á viðskiptalífið. Upplýsingarnar nýtast því vel, m.a. í því skyni að bera saman aðstæður í hinum ýmsu ríkjum, og eru jafnframt gagnlegt tæki í höndum fjárfesta.

Á fundinum mun Illugi Gunnarsson, aðstoðarmaður utanríkisráðherra, flytja opunarávarp. Síðan mun Simeon Djankov, framkvæmdastjóri greiningardeildar Alþjóðabankans, gera grein fyrir því hvernig Ísland kemur út í samanburði við aðrar þjóðir. Þá flytur Þórarinnsson, stjórnarformaður Fram Foods Ltd., erindi sem ber yfirskriftina „Hvernig er að stofna og reka fyrirtæki á Íslandi í samanburði við önnur lönd.“ Fundarstjóri er Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands.

Fundurinn verður haldinn á Grand Hótel í Reykjavík, í Hvammi, þriðjudaginn 12. apríl nk. kl. 12:00-14:00. Fundargjald með hádegisverði er kr. 3.000. Fundurinn er öllum opin, en æskilegt er að skrá þátttöku fyrirfram á www.chamber.is, á info@chamber.is eða á skrifstofu Verslunarráðs í síma: 510 7100.

Viðræður um fríverslun á döfnni hjá EFTA

EFTA-ríkin hófu nýverið viðræður um fríverslun við Suður-Kóreu, en eins og Stíklur greindu frá í desember 2004 var þá skrifað undir sameiginlega yfirlýsingu EFTA og Suður-Kóreu um upphaf fríverslunarviðræðna. Fyrsta viðræðulotan fór fram í Genf í janúar á þessu ári, en önnur lotan fer fram í Seúl, höfuðborg Suður-Kóreu, þessa dagana, 4. til 8. apríl. Þriðja lotan er síðan fyrirhuguð í Osló dagana 30. maí til 3. júní. Ekki er enn vitað hve margar viðræðulotur þarf til þess að samningar takist.

Þá munu könnunarviðræður um fríverslun milli EFTA-ríkjanna og Taílands fara fram í Reykjavík dagana 10. til 12. maí n.k. Að sögn Grétars Más Sigurðssonar, skrifstofustjóra viðskiptaskrifstofu, eru viðræður við þessi lönd liður í því að leggja aukna áherslu á og fjölga fríverslunarsamningum EFTA-ríkjanna á Asíu, og að efla viðskipti og tryggja íslenskum fyrirtækjum betri samkeppnisstöðu í þessum löndum en almennt tíðkast.

Óhætt er að segja að í nógu sé að snúast hjá samningamönnum EFTA og aðildarríkjanna þar sem fleiri viðræður eru á dagskrá á vettvangi EFTA. Sjötta viðræðulota við Suður-Afríska tollabandalagið, SACU, sem í eru Suður-Afríka, Botswana, Lesótó, Namibía og Svasíland, fer fram í Genf dagana 12. til 14. apríl n.k. Af hálfu Íslands taka sérfræðingar frá fastanefnd Íslands í Genf og fagraðuneytum á Íslandi þátt í viðræðunum.